

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmllestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 1 650.00 af hverri brúttórúmllest.

Gjaldddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 8. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 560.00 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 1 180.00 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 3 270.00 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 320.00 fyrir hvern rúmmetra.
5. Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skal vera kr. 270.00.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfest-
festist hér með til að öðlast gildi 2. maí 1980, sbr. auglýsingu nr. 228 2. maí 1980,
og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr
gildi reglugerð nr. 43 14. janúar 1980.

Samgönguráðuneytið, 16. maí 1980.

Steingrímur Hermannsson.

Birgir Guðjónsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 486 11. nóvember 1975 um álagningu
gatnagerðargjalda við byggðar götur í Seyðisfjarðarkaupstað.

5. gr. orðist svo:

Heimilt er bæjarstjórn að veita afslátt eða fella niður gatnagerðargjöld af eig-
endum fasteigna sem náð hafa 67 ára aldri, og þeim sem eiga við langvarandi sjúk-
dóma eða örorku að stríða.

Verði húseign sem afslátt hefur fengið eða niðurfellingu á gatnagerðargjaldi
seld, skal bæjarstjórn heimilt að leggja á gjaldið að nýju, eins og það var þegar
álagning fór fram, að viðbættri hækkun vísitölu byggingakostnaðar og skal þing-
lýsa þeirri kvöð á viðkomandi fasteign, o. s. frv.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Seyðisfjarðar, stað-
festist hér með samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51/1974 til þess að öðlast
gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 15. júlí 1980.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.